

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, mánudaginn 18. apríl 2016, var haldinn 242. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 13:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir (símleiðis), Gunnar Valur Gíslason og Sverrir Óskarsson. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðun Strætó
2. Jafnréttismál
3. Vinnustaðagreining
4. Staðfesting stjórnar á ráðningu sviðsstjóra rekstrarsviðs
5. Ársfundur 2016
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Innri endurskoðun Strætó

Innri endurskoðandi Strætó, Sif Einarsdóttir, meðeigandi hjá Deloitte og Signý Marta Böðvarsdóttir, verkefnastjóri hjá Deloitte, kynntu vinnugögn innri endurskoðenda varðandi innra eftirlit Strætó fyrir stjórn og fulltrúum úr endurskoðunarnefnd Strætó, Ólafi Kristinssyni og Ingu Björg Hjaltaðóttur.

Stjórn vísar vinnugögnum innri endurskoðenda til yfirferðar hjá endurskoðunarnefnd Strætó.

Umræður um verklag endurskoðunarnefndar og innri endurskoðenda. Ákveðið var að stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Strætó yfirfari með formanni endurskoðunarnefndar hlutverk nefndarinnar í ferlinu og skerpi á verklagi aðila.

2. Jafnréttismál

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó, kynnti stöðu jafnréttismála hjá Strætó.

Jafnréttisstefna Strætó var yfirfarin í mars 2016. Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu og tækifærum starfsfólks Strætó, óháð kynferði og að hver starfsmaður sé metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.

3. Vinnustaðagreining

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó, kynnti niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var í mars 2016 á meðal allra starfsmanna Strætó. MMR, markaðs- og miðlunarfyrirtæki framkvæmdi greininguna. Alls tóku 158 starfsmenn þátt eða um 54%.

Jákvæð þróun hefur átt sér stað frá árinu 2015 á nánast öllum sviðum sem greiningin tekur til. Þróunin er hæg en jákvæð. Starfsánægja hefur aukist og vinnuálag og streita minnkað. Hins vegar kemur það skýrt fram að starfsfólk myndi vilja sjá aukin tækifæri til þjálfunar, endurmenntunar og starfsþróunar.

4. Staðfesting stjórnar á ráðningu sviðsstjóra rekstrarsviðs

Stjórn staðfestir ráðningu Ingvars H. Jóhannessonar í starf sviðsstjóra rekstrarsviðs og bíður hann velkominn til starfa.

5. Ársfundur 2016

Ákveðið var að halda ársfund Strætó miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 14:00. Fundurinn verður haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og er öllum opinn. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

6. Önnur mál

- a) Mælaborð, yfirlit yfir helstu lykilstærðir í rekstri janúar til mars 2016, lagt fram.

- b) Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar, er varðar leiðarkerfi í Hafnarfirði, dagsett 6. apríl 2016, lagt fram. Stjórn vísar erindinu til umsagnar hjá framkvæmdastjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:10

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Sverrir Óskarsson

Fylgiskjöl:

- Mælaborð janúar – mars 2016
- Staða jafnréttismála, dagsett 18. apríl 2016
- Vinnustaðagreining, febrúar/mars 2016